

SAMSTARFSSAMNINGUR GARÐABÆJAR OG UMFÁ

Garðabær, kt. 570169-6109, og Ungmennafélag Álftaness, kt. 630190-1939 (UMFÁ) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

1. Tilgangur og markmið

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á íþróttastarfi UMFÁ á félagssvæði þess í Garðabæ.

UMFÁ skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Einnig að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það geti náð sem bestum árangri í þeim íþróttum sem það leggur stund á með félaginu. Garðabær skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárframlögum sem sundurgreinast í rekstrarreikningum félagsins.

2. Greiðslur til UMFÁ vegna verkefnisins

Á gildistíma samnings þessa greiðir Garðabær UMFÁ árlega kr. 25.990.000,- fyrir framkvæmd samningsins. Innifalið er styrkur vegna rekstrar, barna- og unglingastarfs og afreksstarfs.

Aðrir styrkir:

Reiknuð afnot af íþróttamannvirkjum samkvæmt gjaldskrá Garðabæjar og af félagsaðstöðu kr. 13.536.600,-

Framlögin skulu greidd samkvæmt greiðsluáætlun sem fjármálastjóri Garðabæjar gerir í umboði bæjarstjóra.

Fjárhæðir framlaga samkvæmt þessari grein skulu endurskoðaðar í samræmi við forsendur sem lagðar eru fram við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar.

3. Samskipti aðila

Aðalstjórn UMFÁ annast samræmingu á starfsemi deilda/nefnda félagsins og skal tryggja að einstakar deildir félagsins beini til aðalstjórnar erindum til Garðabæjar.

Íþróttar- og tómstundaráð Garðabæjar kemur fram fyrir hönd Garðabæjar varðandi nánari framkvæmd samnings þessa. Íþróttafulltrúi Garðabæjar annast dagleg samskipti við UMFÁ varðandi framkvæmd samningsins. Framkvæmdastjóri UMFÁ kemur fram fyrir hönd UMFÁ við Garðabæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samningsins.

4. Skyldur félagsins

Framkvæmdastjóri félagsins í umboði aðalstjórnar skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja það að bókhald sé reglulega og réttilega fært.

Allir styrkir og framlög Garðabæjar greiðast til aðalstjórnar og annast framkvæmdastjóri frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykkt rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.

Aðalstjórn UMFÁ ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar deilda félagsins séu í samræmi við áætlanir og samþykktir aðalstjórnar.

Skuldbindingar sem einstaka deildir gera án heimildar eða samþykktar aðalstjórnar eru á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna.

Aðalstjórn félagsins ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni sem eftir því er leitað að hálfu fulltrúa Garðabæjar.

Aðalstjórn ber ábyrgð á að félagið og allar deildir félagsins uppfylli skilyrði reglna til að teljast fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda. Aðalstjórn UMFÁ ber einnig ábyrgð á að félagið og allar deildir þess kynni sér, innleiði og starfi samkvæmt leiðbeiningum og verklagsreglum ÍSÍ um kynferðislegt áreiti í íþróttum.

Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur/þjálfarar séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er. Leiðbeinendur og þjálfarar þurfa að undirrita ráðningarsamning við félagið þar sem fram koma skyldur þeirra um að fylgja starfsreglum félagsins og vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur. Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum barna og ungmenna með fatlanir í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt skal félagið taka mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar og skipuleggja starf sitt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga.

Félaginu ber einnig að taka tillit til forvarnarstefnu Garðabæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða.

UMFÁ skal setja upp áætlanir varðandi eineltismál og njóta samvinnu við Garðabæ um fræðslu og viðbrögð við þeim. Þar skal byggt á forvarnastefnu bæjarins þar sem m.a. kemur fram áhersla á að uppræta og vinna gegn einelti, finna fyrirbyggjandi lausnir og auka samvinnu allra uppeldisaðila til að uppræta einelti í skólum og félagsstarfi í Garðabæ.

Þjálfarar félagsins sjá til þess að gengið sé vel um húsnæði og búnað og umgengnisreglur séu virtar. Þeim ber að tilkynna strax um það sem aflaga fer eða þarfnast viðgerðar. Þjálfurum ber að fylla út slysaskýrslur í hverju mannvirki fyrir sig í öllum tilfellum þar sem óhöpp eða slys verða.

Samstarf þjálfara UMFÁ og starfsmanna íþróttamannvirkja um klefavörslu í íþróttamannvirkjum er mikilvægt til að sporna við einelti og öðrum árekstrum. Samkomulag um það var gert í desember 2013 og gildir það áfram.

5. Áherslur í starfi UMFÁ

Lögð skal áhersla á að á vegum UMFÁ verði rekið fjölbreytt barna- og ungmennastarf og að tekið verði mið af stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og ungmenna. Aðalstjórn UMFÁ ber ábyrgð á að félagið uppfylli skilyrði reglna til að teljast fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.

Félagið skal sýna fram á árangur af félagslegri og fjárhagslegri starfseminni sinni í ársskýrslu með samanburði við upphafleg markmið.

Í starfi félagsins skal lögð áhersla á eftirtalin atriði:

- Leggja áherslu á menntun og hæfni þjálfara/leiðbeinenda.
- Markviss fræðsla barna og unglunga um gildi reglulegrar ástundunar.
- Fjölga þátttakendum í íþrótt- og æskulýðsstarfi UMFÁ. Markvisst innra félagsstarf fyrir börn og ungmenni. Íþróttanámskeið á sumrin: t.d. knattspyrnuskóli, frjálsíþróttir og sundnámskeið.
- Markviss þátttaka foreldra í starfi barna og ungmenna á vegum UMFÁ.

6. Aðstaða UMFÁ - Áætlanir um frekari uppbyggingu mannvirkja til íþróttar

UMFÁ hefur til umráða aðstöðu í íþróttamiðstöðinni við Breiðumýri og íþróttavelli norðan íþróttamiðstöðvar til starfsemi sinnar, m.a. fyrir barna- og ungmennastarfið á samningstímanum auk þess afreksstarfs sem fram fer hjá félaginu.

Við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana sveitarfélagsins á næstu árum munu áfram verða til umfjöllunar hugmyndir varðandi uppbyggingu útivistar- og íþróttamannvirkja á félagssvæðinu.

Gerður er sérstakur samningur um rekstur og umsjón íþróttavalla við Breiðumýri.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir til 31. desember 2022. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á honum á samningstímanum.

Garðabæ,

F.h. Garðabæjar

F.h. Ungmennafélags Álftaness

.....

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

.....

Guðjón Þorsteinsson, formaður